



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2026
MSS26060029

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 2.6.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um endurskoðun deiliskipulags við Suðurlandsbraut

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að hefja endurskoðun á fyrirbyggjandi deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut í samvinnu við hagaðila.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstreisins og Sósíalístaflokks Íslands leggja til að málinu verði vísað frá.

Frávísunartillagan er felld með 15 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn átta atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstreisins og Sósíalístaflokks Íslands.

Tillaga um endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut er samþykkt með með 15 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn átta atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstreisins og Sósíalístaflokks Íslands. MSS26060029

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á að við vinnu við skipulag Suðurlandsbrautar verði tekið mið af sjónarmiðum rekstraraðila, húseigenda, íbúa í nágrenninu og annarra sem verða fyrir áhrifum framkvæmdanna. Mikilvægt er að greina skýrt á milli athugasemda sem lúta að útfærslu samgöngumannvirkja annars vegar og þeirra sem snúa að framkvæmdatíma og fyrirkomulagi framkvæmda hins vegar. Samfylkingin telur rétt að fara yfir þær athugasemdir sem fram hafa komið og meta hvaða atriði er hægt að bæta án þess að gengið sé á markmið verkefnisins um bættar almenningssamgöngur. Þar getur verið um að ræða aðgengi, bílastæði, vörumóttöku eða aðra þætti sem hafa áhrif á daglega starfsemi fyrirtækja á svæðinu. Jafnframt þarf að gæta þess að heildarhagsmunir borgarbúa og markmið um bættar samgöngur vegi þungt við ákvarðanatöku. Áhyggjur af raski á framkvæmdatíma eru eðlilegar og mikilvægt að borgin leggi fram trúverðuga og raunhæfa áætlun um áfangaskiptingu, upplýsingagjöf og aðgerðir til að lágmarka áhrif á atvinnustarfsemi. Þá hvetja borgarfulltrúar Samfylkingarinnar til þess að unnið sé af metnaði að uppbyggingu Borgarlínu og annarra samgönguinnviða fyrir vaxandi borg. Verkefnið



Reykjavík



er ekki að hverfa frá markmiðum um öflugar almenningssamgöngur heldur að tryggja sem besta útfærslu þeirra.

Borgarfulltrúar Vinstrisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skipulag Suðurlandsbrautar á uppruna sinn í aðalskipulagi Reykjavíkur frá 2010 og árið 2021 eru unnin frumdrög borgarlínu út frá gildandi aðalskipulagi. Boðaðar breytingar á Suðurlandsbraut vekja upp margar spurningar. Til dæmis hvort meirihlutinn ætli sér að taka upp aðalskipulagið til að ná fram markmiðum sínum í að vera þrándur í götu hágæða almenningssamgangna. Þegar hefur farið fram tímafrek og kostnaðarsöm greiningarvinna, forgangsörðun, forhönnun og deiliskipulagsgerð og nú liggur afrakstur þeirrar vinnu fyrir í ósamþykktu deiliskipulagi sem þegar hefur fengið auglýsingu og er tilbúið til afgreiðslu. Skynsamlegast væri að samþykkja tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsbrautar sem þegar hefur verið unnin, í óbreyttri mynd, en fara í samráð og samtal um útfærslu framkvæmdaáætlunar deiliskipulagsins.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík